



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 26. nóvember 2019

## Minnisblað

Aðgerðir Norrænna stjórnvalda vegna smálána

Til: Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis  
Frá Neytendastofu

Vísa er til þingnefndarfundar þann 7. nóvember s.l. þar sem til umræðu voru frumvarp til laga um neytendalán, 223. mál, og frumvarp til laga um starfsemi smálánafyrirtækja, 14. mál. Á fundinum gerði Neytendastofa grein fyrir umsögnum sínum um frumvörpin auk þess sem fram kom að dagana 7. og 8. nóvember væri Norrænn samráðsfundur hér á landi og m.a. hafi smálán og aðgerðir stjórnvalda vegna þeirra komið til umræðu á þeim fundi. Neðangreint er samantekt af þeim aðgerðum sem gerð var grein fyrir á fundinum og má sjá af henni að flest ríki hafa tekið annars vegar upp þak á kostnað innan lánsammans og hins vegar í vanskila-/innheimtuferli. Öll ríki, utan Íslands, kveða á um leyfisskyldu fyrir fyrirtækin. Þá er í sumum löndum tekið á greiðslufrestun eða endurnýjun lána auk þess sem unnið er að því að bæta lánshæfismat m.a. með því að koma upp almennu skuldaskráningarkerfi, sem heldur utan um heildarskuldir neytenda en ekki eingöngu vanskil.

### Finnland:

Í Finnland er núna 20% hámark á ÁHK en auk þess er 150 evru þak á kostnað sem má taka á einu ári.

Finnland hefur fallið frá skráningarskyldu og tekið upp leyfisskyldu

Lagt hefur verið til að taka upp „pósítífa“ skuldskráningu lána (positiv skuldregister). Markmið er að allir lánveitendur geti séð heildarskuldstöðu neytanda sem sækir um lán og stefnt er að því að árið 2023 verði almennt skylt að skrá öll lán.

Í Finnlandi er gerð krafa um annað hvort undirritun í eigin persónu eða rafræna með viðurkenndu rafrænu auðkenni.

Síðasta lagabreyting (á sænsku)

[https://www.eduskunta.fi/SV/vaski/HallituxsenEsitys/Sidor/RP\\_230+2018.aspx](https://www.eduskunta.fi/SV/vaski/HallituxsenEsitys/Sidor/RP_230+2018.aspx)

### Danmörk:

Í Danmörku er til athugunar að setja 20-25% ÁHK þak en náist það ekki þá mun koma til skoðunar 40-50% þak. Auk þess að setja þurfi ítarlegri reglur um markaðsfærslu í lögum um eftirlit með viðskiptaháttum.

Tekin hefur verið upp leyfisskylda fyrir alla lánveitendur í Danmörku.

Samkvæmt dönskum lögum fær neytandi sérstaka merkingu ef hann óskar ítrekað eftir greiðslufresti. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir að neytandi geti tekið nýtt lán ef fyrra lán er í greiðslufresti.

Verið er að vinna í breytingum í Danmörku og því er ekki hægt að vísa til gagna.

### Noregur:

Í Noregi er ekki þak á kostnaði lána. Smálán hafa ekki verið vandamál í Noregi en einfalt hefur verið að taka lán og þar í landi var sett upp pösítíf skuldaraskráning sem leiddi í ljós að neytendur voru með mjög mikið af lánum. Í Noregi er auk þess afar fullkomið vefsetur um samanburð á kostnaði lána, <https://www.finansportalen.no/>.

Í Noregi er rík krafá um annað hvort undirritun í eigin persónu eða rafræna með viðurkenndu rafrænu auðkenni. Byggir það á reglum um peningþvætti.

### Svíþjóð:

Svíþjóð hefur 40% vaxtaþak en líka kostnaðarþak, sem er 100%. Það þýðir að ef neytandi tekur 1.000 SEK að láni þá er aldrei hægt að krefjast hærri endurgreiðslu en 2.000 SEK og skiptir þá engu máli hver ástæðan er. Aldrei má endurnýja lán oftari en 1 sinni.

Í Svíþjóð var þessi starfsemi áður skráningarskyld en að fenginni reynslu hefur nú verið gerð leyfisskyld.

Markaðssetning lánanna skal ekki vera „motfuld“, s.s. ekki má ýkja eða telja fram kosti slíkra lána. Þá er í gildi ákveðið merkjakerfi sem felst í því að ef ÁHK er meira en 30% á láninu þá ber lánveitanda skylda til að gefa viðvörðun. „Athugaðu að þetta er dýrt lán!“

Í Svíþjóð hefur einnig verið skoðað að lánveitandi verði sjálfur að gera raunhæft lánshæfismat á lánþeganum en ekki „kaupa“ mat frá þriðja aðila.

Síðasta lagabreyting (á sænsku)

<https://data.riksdagen.se/fil/9305D45F-DDBC-42F6-80FF-B6E3CE719EF5>

Umfjöllun Konsumentverket (sænska Neytendastofa) um smálán:

<https://www.konsumentverket.se/for-foretag/regler-per-omradebransch/finansiella-tjanster/krediter/hogkostnads krediter/>